

4. Erindi frá samráðsnefnd háskólaráðs um kjaramál

1. Rannsóknamisseri, fjárhæðir

Samráðsnefnd um kjaramál leggur til að frá og með haustmisseri 2015 verði hámarksfjárhæð 2.000 þ.kr. miðað við að rannsóknamisserið sé til 12 mánaða, þar af sé heimilt að verja allt að 300 þ.kr. í farareyri. Reglur um rannsóknamisseri til hálfis árs eru óbreyttar.

Til skýringar: Undanfarin ár hefur upphæðin verið hin sama hvort sem rannsóknamisserið er til eins eða tveggja missera, 1.500 þ.kr., þar af heimilt að verja allt að 200 þ.kr. í farareyri

2. Heimild til rannsóknamissera, frávik frá kennsluskyldu

Ein af forsendum þess að fá heimild til rannsóknamissersis er að umsækjandi hafi sinnt fullri kennslu- og stjórnunarskyldu undangengin sex misseri eða sex ár eftir því hvort sótt er um misseris- eða ársleyfi, sbr. fund Háskólaráðs 4. febrúar 2010, þar sem eftirfarandi tillaga var samþykkt:

„Lagt er til að heimild til rannsóknamissersis verði ekki veitt nema viðkomandi kennari hafi að lágmarki sinnt fullri kennslu- og stjórnunarskyldu undangengin sex misseri eða sex ár eftir því hvort sótt er um misseris eða ársleyfi. Þetta gildi vegna rannsóknamissera sem veitt eru frá og með 1. janúar 2011.“

Tekið er að hluta til undir athugasemdir sem borist hafa samráðsnefnd um kjaramál og lúta að því að kaupni kennari sig frá kennslu þegar hann aflar styrkja til rannsóknaverkefna hafi það í för með sér að heimild hans til rannsóknamissersis frestast. Samráðsnefnd um kjaramál leggur því til eftirfarandi viðbót við reglu þessa sem taki gildi frá haustmisseri 2015:

Heimild kennara til rannsóknamissersis skerðist ekki kaupni hann sig frá kennslu á grundvelli utanaðkomandi fjármuna sem hann hefur aflað til rannsóknaverkefna sinna. Þetta gildir að hámarki um eitt misseri á þriggja ára tímabili.

3. Um tölvukaup starfsmanna

Lagt er til að í stað þess að full fjögur ár skuli líða á milli tölvukaupa starfsmanna skuli miða við almanaksár, þ.e. í stað þess að njörva niður að 48 mánuðir skuli líða að lágmarki á milli tölvukaupanna skuli miða við þann sveigjanleika sem almanaksárið veitir í þessu efni.

Reykjavík, 26.01.2015

Guðmundur R. Jónsson
Formaður samráðsnefndar háskólaráðs um kjaramál